

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 248/1995.

### **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

### **Steingrími Njálssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kynferðisbrot. Frelsisvipting.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað með stefnu 12. júlí 1995 að ósk ákærða með vísun til a- – c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994.

Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægari refsingar, og komi þá til frádráttar gæsluvarðhald, sem hann hefur sætt vegna málsins.

Við úrlausn sína byggir héraðsdómur á framburði kæranda að meginefni til, en margvísleg atriði eru framburði hans til styrktar. Ekkert er fram komið, sem veitt getur tilefni til úrræða samkvæmt 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Er fallist á sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til refsíákvæða. Við ákvörðun refsingar er óhjákvæmilegt að líta til sakaferils ákærða, eins og héraðsdómur gerir, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. júlí 1995 kemur dæmdri refsivist til frádráttar auk þeirra sex daga, sem greinir í héraðsdómi.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar segir í dómsorði.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að gæsluvarðhaldsvist ákærða, Steingríms Njálssonar, frá 12. júlí 1995 kemur að auki dæmdri refsivist til frádráttar.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1995.**

Ár 1995, föstudaginn 16. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara sem dómsformanni og héraðsdómurunum Ingibjörgu Benediktsdóttur og Péttri Guðgeirssyni sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 527/1995: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. maí sl., á hendur ákærða, Steingrími Njálssyni, nú refsifanga á lög-reglustöðinni á Akureyri, kennitala 210442-3679.

Í ákeru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa 6. janúar 1995 gert tilraun til kynferðismaka við B. M., fæddan 1967, vangefinn mann og 75% öryrkja, sem ákærði hafði þekkt nokkur ár, og jafnframt brotið gegn frjálsræði hans, svo sem rakið er, en fyrr þennan sama dag hafði ákærði boðað B. M. á sinn fund, veitt honum áfengi og sýnt honum klámkvikmyndir á þáverandi heimili sínu að 1 götu 15 við Suðurlandsveg í Reykjavík og einnig gefið honum áfengi og peninga í spilakassa í veitingahúsi í borginni.

**I. Tilraun til kynferðisbrots.**

Um kl. 20 nefndan dag hafi ákærði farið aftur með B. M. inn á framangreint heimili sitt og í því skyni að notfæra sér andlega annmarka hans til að hafa við hann kynmök sýnt honum klámkvikmyndir, klætt sig úr öllum fötum og farið höndum um kynfæri sín í návist hans og lagt að honum að afklæðast líka, káfað á honum og reynt í nokkur skipti að taka buxur hans niður um hann og þá náð að strjúka innanverð læri hans, en vegna mótþróa B. M. tókst ákærða ekki að koma fram vilja sínum.

## II. Brot gegn frjálsræði.

Í framhaldi af þeim atburðum, sem greinir í I. lið, hafi ákærði neytt B. M. til að dveljast áfram á heimili sínu með því að hindra hann í því að komast út úr húsinu, tekið af honum yfirhöfn hans í þessu skyni, fylgt honum eftir um íbúðina og haft í hótunum við hann og gripið í hann og reynt að halda honum, en B. M. tókst loks að forða sér og náði að stöðva bifreið, sem leið átti um Suðurlandsveg um kl. 22, og fékk aðstoð.

## III.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt I. lið varða við 196. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1922, og háttsemi hans samkvæmt II. lið aðallega við 1. mgr. 226. gr., en til vara við 225. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

## Niðurstöður.

Með framburði ákærða og vætti þeirra B. M., Þórarins og Helga Þrastar er sannað, að B. M. dvaldist talsverðan tíma heima hjá ákærða þetta kvöld og var í mikilli geðshræringu, þegar þeir Helgi Þröstur hittust, og fram eftir kvöldi, eins og móðir hans, Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson lögregluvarðstjóri og Ívar Þór Jónsson aðstoðarlæknir hafa borið. Frásögn píltsins af atburðunum heima hjá ákærða og aðdraganda þeirra er í sjálfu sér trúverðug. Þykja eftirtalin atriði sérstaklega styrkja frásögn hans, að hann skildi eftir kuldagallann með veskinu heima hjá ákærða, að fatnaður hans var í ólagi, þegar hann kom heim, að hann hefur í öllum meginatriðum haldið fast við skýrslur sínar í málinu, allt frá því að hann sagði móður sinni frá atburðunum, er hann kom heim, að ákærði var nakinn, þegar lögregla kvaddi dyra hjá honum, og loks, að hjá ákærða fundust klámspólur, sem pilturinn hafði lýst. Þykir að þessu athuguðu ekki varhugavert þrátt fyrir neitun ákærða að treysta að fullu frásögn B. M. um sakarefni og aðdraganda þess.

Ákærði kveðst hafa kynnst B. M. fyrir þremur til fjórum árum. Samkvæmt gögnum málsins er B. M. verulega greindarskertur, með greindarvísitölu 65 stig. Að mati dómsins getur þetta ástand hans ekki dulist neinum, sem einhver samskipti á við hann. Verður að hafna þeirri viðbáru ákærða, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir þroskastigi hans. Ákærði hefur með kynferðisilburðum sínum gagnvart B. M., það er að sýna honum klámkvikmyndir, afklæðast sjálfur, fara höndum um kynfærin á sér, leggja að piltinum að afklæðast og reyna að toga niður um hann buxurnar, gerst sekur um tilraun til þess að eiga við hann kynferðismök og þannig brotið

gegn 196. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992. Telja verður aftur á móti ósannað með hliðsjón af dómskýrslu píltsins, að ákærði hafi strokið innanverð læri hans.

Fyrir utan það að grípa til B. M., þegar hann fór út úr húsinu, hefur ekki verið leitt í ljós í málinu, að ákærði hafi svipt hann frelsi með valdi eða beinlínis lokað hann inni. Af frásögn píltsins er aftur á móti ljóst, að orð og athafnir ákærða gáfu honum fullt tilefni til þess að álíta, að honum væri ófrjálst að fara. Verður og að telja, að ákærða hafi hlotið að vera þetta ljóst. Hefur hann þannig brotið gegn 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga.

#### *Viðurlög, sakarkostnaður.*

Brotaferill ákærða nær aftur til ársins 1959. Hefur hann verið dæmdur 28 sinnum fyrir margvísleg brot, þar á meðal sex sinnum fyrir kynferðisbrot. Í öll skiptin beindust kynferðisbrot hans gegn börnum eða ungmennum. Nemur dæmd óskilorðsbundin refsivist ákærða frá upphafi tæpum tólf árum, en auk refsivistar var ákærði í eitt sinn dæmdur auk refsingar í fimmtán mánaða hælisvist. Þá hefur hann verið sektaður sautján sinnum, aðallega fyrir ölvun.

Dómurinn álfur, að ákærði hafi sett sig í samband við B. M. í því skyni að fá hann til kynferðismaka við sig. Ákærði hefur sex sinnum áður gerst sekur um kynferðisbrot, sem beindust gegn börnum eða ungmennum. Þykir refsing hans með hliðsjón af þessu atriði og sakaferlinum hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá refsingunni ber að draga sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 80.000 kr. í málsvarnaarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og 80.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Jón H. Snorrason, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sótti málið af ákæruvalds hálfu.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsingunni komi sex daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 80.000 krónur í málsvarnaarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og 80.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.